Flúxus & Ono

Undanfarnar vikur hafa Íslendingar fengið nasasjón af flúxus, sérkennilegu menningarfyrirbæri sem enginn hefur treyst sér til að skilgreina til fullnustu, en var sannanlega við lýði frá 1962 og fram á áttunda áratuginn.

George Maciunas, bandarískur Lithaugi, var helsti hvatamaður að „flúxi" og einn helsti hugmyndasmiður þess. Til gamans má geta þess að samlandi hans og núverandi forseti Lithauga, Landsbergis, tók á sínum tíma einnig þátt í flúxi. Í einni af mörgum tilraunum Maciunas til skilgreiningar fyrirbærinu segir að flúxus sé „listaskemmtun", í senn „einföld, skemmtileg, tilhaldslaus, fáist við markleysu, krefjist hvorki hæfni né tímafrekra æfinga, (eigi) ekki að vera verslunarvara eða stofnun". Maciunas segir ennfremur: „(Flúxus) reynir að líkja eftir fábrotnum og óleikrænum eðlisþáttum náttúrlegra viðburða, leikja eða brandara. Það er blanda af Spike Jones, revíum, bröndurum, bernsku föndri og Duchamp..."



Yoko Ono.

Á milli lífs og listar

Í fyllingu tímans, og sérstaklega eftir að Maciunas lést, langt um aldur fram, hafa komið fram fleiri skilgreiningar á flúxus, bæði frá fyrrverandi þátttakendum og listfræðingum, og hafa nú nokkrir gamlir flúxarar lifibrauð af því að setja saman bækur og sýningar um flúxus.

Ein slík sýning hefur nú staðið yfir í austursal Kjarvalsstaða um nokkurra vikna skeið og verður þar enn um sinn. Til skamms tíma naut hún stuðnings af sýningu á verkum Yoko Ono, sem kom stuttlega við sögu flúxus á fyrstu árum þess.

Robert Rauschenberg sagði eitt sinn um listsköpun sína að hún færi fram á bilinu milli lífs og listar. Hið sama mætti segja um flest af því sem flúxuslistamenn, allra þjóða kvikindi, tóku sér fyrir hendur. Þeir töldu víst að með lítilsháttar tilfæringum mætti virkja lífið sjálft til skilnings á innstu rökum

Myndlist

Aðalsteinn Ingólfsson

þess, að í eðli sínu væri lífið meira spennandi, ævintýrarlegra, en allar tilraunir til ummyndunar þess í „list".

Út í veður og vind

Með góðum vilja mátti njóta jafnt hávaða götunnar og þagnarinnar ekki síður en tónlistar, ef vel var gáð voru dramatískar áherslu hvarvetna í hvunndagslegu atferli, ljóð gátu birst óvart og óvænt í daglegu tali, jafnvel í lágkúrulegustu prentmiðlum, og myndlistarlegar upplifanir voru fyrir hendi alls staðar í kringum okkur.

Með því að henda á lofti hvunndagslega atburði og upplifanir, jafnvel blanda þeim saman upp á nýtt, voru flúxarar ekki að gera lítið úr langri hefð háleitra listaverka, heldur að gera mikið úr þeim undrum og stórmerkjum sem veruleikinn, lífið sjálft, hefur til að bera.


Aðferðirnar, verkin sjálf, skiptu því minna máli en markmiðið á hverjum tíma. Ekkert fannst flúxurum hlægilegra en að listaverk væri algilt og ævarandi. Þeir sem voru allra samkvæmastir sjálfum sér, unnu verk sem eyddust að lokinni notkun eða fuku út í veður og vind. Sigurður Guðmundsson, einn af nokkrum Íslendingum sem hrifust af hugmyndum flúxara, sýndi eitt sinn klakaverk sem bráðnuðu meðan á sýningu stóð.

Íslenskt flúxus

Því eru verk flúxara í rauninni ekki til nema sem heimildir um hugarfar og kenndir. Á þann veg ber að líta sýninguna í austursal Kjarvalsstaða. Tæpast er við hæfi að sýna heimildir á sama hátt og sjálfstæð/sjálfhverf myndverk, eins og gert er að Kjarvalsstöðum. Hvað þá að þær verðskuldi eða krefjist viðhafnarmikillar umgjörðar og andaktugrar stemningar. Sýningin mundi sennilega taka sig best út í bók með viðhlítandi skýringum.

Í slíkri bók mætti einnig útlista íslensk tengsl við flúxus, sem voru meiri en marga grunar. Dieter Roth var í miklum og nánum tengslum við flúxara og miðlaði einhverju af „skipulögðu kaosi" þeirra til SÚM kynslóðarinnar. Fyrir hans tilstilli komu nokkrir þeirra aukinheldur hingað til lands, til dæmis Emmett Williams, Nam June Paik og Charlotte Moorman, og seinna fylgdu í kjölfarið Robert Filliou, Philip Corner, Dick Higgins og Ken Friedmann. Erró var að sönnu ekki flúxari, en hann var opinn fyrir hugmyndum þeirra og sýndi með þeim.

Fyrir utan Sigurð Guðmundsson voru nokkrir aðrir Íslendingar hallir undir flúxus, Kristján bróðir hans, Magnús Pálsson, Jón Gunnar Árnason og Hreinn Friðfinnsson, og sjást þess merki í elstu verkum þeirra.



Flúxpóstur.

Himnalyklar úr gleri

Eins og áður var vikið að tók Yoko Ono þátt í flúxusuppákomum. Hún var þó langt frá því að vera meðal leiðandi listamanna í þessum hópi, eins og ýjað var að í tengslum við nýliðna sýningu hennar að Kjarvalsstöðum.

Sýningin bar þess einnig merki að lisakonan hefði endurskoðað viðhorf sín til flúxus. Ýmsar uppskriftir sínar að uppákomum eða upplifunum („Hlustaðu á steininn eldast", 1963) reit hún upprunalega á lítil kort og gaukaði að fólki. Þannig ræktaði hún náin tengsl við sýningargesti, öfugt við hefðbundna listamenn. Nú hafa þessar uppskriftir verið stækkaðar og festar hátt upp á vegg eins og hver önnur myndverk. Við það virka orð hennar oftar en ekki eins og yfirlætislegar skipanir úr efra.

Ýmsir elskulega hvunndagslegir hlutir hennar hafa verið steyptir í brons, sem gjörbreytir merkingu þeirra, og ekki til hins betra. „Himnalyklar" úr gleri frá 1967 eru settir við hlið „Himnalykla" úr bronsi frá 1988. Þar með hefur hinu óvenjulega verið breytt í hið venjulega, en ekki öfugt.

Lýsandi dæmi um hugarfarsbreytingu Yoko Ono er bronsafsteypa af gömlu verki sem áhorfandinn var eitt sinn hvattur til að ganga á. Hins vegar má hann ekki tylla tá á bronsafsteypuna.

Bíóborgin – Hættulegur leikur: ★★★

Leikstjóri á fílaveiðum

Rithöfundurinn og handritshöfundurinn Peter Viertell skrifaði skáldsögu sína White Hunter, Black Heart stuttu eftir að hann vann með John Huston að gerð Afríkudrottningarinnar. Hann var ekkert að fela það að aðalpersóna bókarinnar John Wilson var byggð á John Huston og bókin fjallaði meðal annars um gerð Afríkudrottningarinnar sem er ein þekktasta kvikmynd Huston.

Huston var mikill ævintýramaður og sigldi um heimsins höf og barðist sem hnefaleikari svo eitthvað sé nefnt, áður en hann gerðist kvikmyndaleikstjóri. Huston var einnig snillingur sem skildi eftir sig djúp spor í sögu kvikmyndanna. Það er því skiljanlegt að maður efist um að þarna sé komin rétta lýsingin á Huston. Varla er hægt að segja að John Wilson sé geðfelldur náungi, heldur er honum lýst sem eigingjörnum manni sem teymir alla sem hann umgengst á asnaeyrum. Á móti kemur að Wilson er einnig lýst sem miklum réttlætismanni sem hikar ekki við að segja meiningu sína á fólki ef honum mislíkar gjörðir þess.

Viertell eða Verill eins og hann nefnist í kvikmyndinni er sögumaður og í gegnum hann fylgjumst við með þráhyggju Wilsons. Kvikmyndin sem gera á í Afríku skiptir hann minna máli en fílaveiðar og þessi veiðiþrá á eftir að verða að þráhyggju sem ræður öllum gjörðum hans. Þegar aðrir leikstjórar hefðu rifið í hár sitt er rigning stöðvar kvikmyndatöku í nokkra daga þá fagnar Wilson rigningunni af þeirri ástæðu að þá getur hann stundað veiðarnar í friði.

Clint Eastwood leikstýrir og leikur John Wilson. Og í þetta skiptið hefur leikstjórinn betur. Eastwood hefur með White Hunter, Black Heart skapað sérlega eftirtektarverða og áhrifamikla kvikmynd sem maður gleymir ekki svo létt. Svo er annað mál hvort maður viðurkenni þessa lýsingu á Huston sem ósköp vel gæti átt við hann en maður efast þó um.

Leikarinn Clint Eastwood á í svolitlum vandræðum með persónuna. Hann kemur vel fyrir þegar hann er í kakijakkanum á fílaveiðum og get ég vel trúað því að Huston hafi búið yfir þessum eldmóði sem einkennir Wilson við veiðarnar, en Eastwood hefur aldrei verið mikill talmálsleikarai og ýktur hreimur hans er ekki nógu sannfærandi þótt greinilegt sé að hann er að reyna að herma eftir John Huston.

Aðalhlutverkin í Afríkudrottningunni léku Katherine Hepburn og Humphrey Bogart og hafði ég búist



Leikstjórinn John Wilson (Clint Eastwood) planar fílaveiðar og býður handritshöfundi sínum Pete Verill (Jeff Fahey) að koma með sér.


Kvikmyndir

Hilmar Karlsson

við að þau kæmu meira við sögu en raunin er. Ástæðan er einfaldlega sú að White Hunter, Black Heart endar um leið og John Wilson segir „Action". Bogart og Hepburn eru því aðeins í aukahlutverkum. Marisa Berenson á þó góða spretti í hlutverki Hepburn sem vill gera vel úr öllum hlutum.

Hvort sem maður sættir sig við þá persónulýsingu af John Huston sem fram kemur í myndinni eða ekki þá verður því ekki neitað að White Hunter, Black Heart er hrífandi kvikmynd.

HÆTTULEGUR LEIKUR (WHITE HUNTER, BLACK HEART)
Leikstjóri: Clint Eastwood.
Handrit: Peter Viertell, James Bridges og Burt Kennedy eftir skáldsögu peter Viertels.
Kvikmyndun: Jack N. Green
Tónlist: Lennie Niehaus.
Aðalhlutverk: Clint Eastwood, Jeff Fahey, George Dzunda, Alun Armstrong, Marisa Berenson og Mel Martin.



Nicholas Cage og Sean Young leika tvo flugmenn sem fara í hættulegan leiðangur.

Háskólabíó – Eldfuglar: ★

Eins konar Ikarus

Eins og hin ofurvinsæla Top Gun er Eldfuglar óður til bandaríska hersins, og fer ekkert leynt með það. Stjarna myndarinnar er hin 10 milljón dollara árásarþyrla AH-64 Apache. Þyrla þessi er hin fullkomnasta að allri gerð og eru kostir hennar vandlega útlistaðir jafnt og þétt í gegnum myndina.

Saga myndarinnar gengur út á það að herinn lánar eina Apache-flugsveit til að tortíma suður-amerískum eiturlyfjaframleiðendum. Þeir eiga von á loftbardaga og þurfa því ögn meiri þjálfun en venjulega eru þyrlur aðeins notaðar í landhernaði. Meðal flugmanna er Nicholas Cage og Sean Young og er Tommy Lee Jones fenginn til að leiðbeina þeim. Eftir að hafa farið í gegnum nákvæmlega sama ferli og Top Gun (Bardagi-þjálfun-rómantík-þjálfun-vandamál-einvígi við kennarann) er lagt af stað í lokaorrustuna. Hún hefði þurft að vera betri því það sem á undan er gengið

Kvikmyndir

Gísli Einarsson

var með slappara móti. Hinn yfirleitt ágæti Cage fær svartan blett í kladdann og er ástarsagan milli hans og Young ein sú óþarfasta til þessa. Neistaflugið milli þeirra er álika og hjá tveim gólftuskum. Flugatriðin eru miðlungs hið besta, yfirleitt ruglingsleg og alltaf með fátæklegu yfirbragði, eins og þeir hafi ákveðið að taka öll atriðin í næsta gljúfri. Þyrlan fær meiri nærmyndir en leikararnir og fallega lýst skot af henni koma reglulega á kaflaskiptunum. Ekki veitir af því hún er einstaklega ljót, greyið, þótt hættuleg sé. Mér varð hugsað til annarra þyrlumynda, Blue Thunder. Henni tókst nákvæmlega það sem þessari hefur verið ætlað í upphafi: að vera góð skemmtun.

Firebirds (band-1990) 85 mín. Leikstjóri: David Green (Buster, My New Car). Leikarar: Nicholas Cage (Peggy Sue Got Married), Tommy Lee Jones (The Package) Sean Young (No Way Out,Dune), Bryan Kestner, Dale Dye (Platoon, Full Metal Jacket), Mary Ellen Trainor.